

## BMF-2017-21 Skotárásin á Hamar

Þann 10. september 1942 um kl. 10:40 að morgni gerði þýsk Fokker Wulf 167 sprengjuflugvél árás á íbúðarhúsið Hamar í miðju þorpinu á Breiðdalsvík. Í skothríð á húsið og nágrenni var eldhaf á milli húsanna Hamars og Áss, næsta húss við, vegna kúlnaregnsins sem lenti á jörðinni þar á milli og nokkur skot lentu í vesturvegg Hamars og einhver enduðu inni í húsinu. Árásin stóð í 2-3 mínútur. Sagan er stórmerkileg og þess virði að hún verði sögð og fjöldi heimilda sem eru tiltækar um árásina verði nýttar í frásögnina. Afkomendur heimilisfólksins í Hamri munu segja söguna og veita innsýn í þessa atburði sem ekki mega liggja í þagnargildi. Umsóknin er ósk um styrk til að koma merkum sögulegum atburði á framfæri.

Verkefninu var úthlutað 340.000 kr. í seinni úthlutun ársins 2017.